



Nefndasvið Alþingis,  
Alþingi,  
150 Reykjavík.  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 141/619*  
*komudagur 19.11.2012*

Akureyri 19. nóvember 2012.

Efni: Umsögn Sjúkrahúsins á Akureyri um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs.

Undirrituð taka undir mikilvægi þess að miðstöð innanlandsflugs verði starfrækt í Reykjavík. Í greinargerð má hinsvegar bæta við texta um mikilvægi staðsetningar m.t.t. sjúkraflugs og aðgengi að bráðaþjónustu. Hlutverk flugvallarins, sem staðsettur er í Reykjavík hefur mikla þýðingu fyrir öryggi landsmanna og aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu / bráðaþjónustu á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Vegalengd og tími flutnings frá flugvelli á suðvesturhorninu getur skipt sköpum varðandi lífslíkur sjúklinga sem koma með sjúkraflugi og þurfa tafarlausa þjónustu heilbrigðisstarfsmanna á LSH. Því er staðsetning flugvallarins í Reykjavík, í nálægð við LSH, mikill öryggisþáttur allra landsmanna.

Með kveðju,

Hildigunnur Svavarsdóttir,  
Framkvæmdastjóri hjúkrunar og  
Bráða-, fræðslu- og gæðasviðs  
Sjúkrahúsins á Akureyri.

Sigurður Einar Sigurðsson,  
framkvæmdastjóri lækninga og  
handlækningasviðs  
Sjúkrahúsins á Akureyri.